

## REGLUGERÐ

### um úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna átaks til uppbyggingar á ferðamannastöðum sumarið 2014.

#### 1. gr.

##### *Tilgangur og markmið.*

Reglugerð þessi setur ramma um sérstaka úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, sbr. lög nr. 75/2011 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, vegna ákvörðunar ríkisstjórnar Íslands um að veita auknum fjármunum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða sumarið 2014. Markmið með fjárveitingunni er að tryggja fjármuni til brýnna verkefna á ferðamannastöðum er lúta að verndun náttúru og öryggi ferðamanna.

#### 2. gr.

##### *Styrkhæf verkefni.*

Í samræmi við 2. gr. laga nr. 75/2011 hefur stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða haft frumkvæði að því að afla upplýsinga um framkvæmdir á ferðamannastöðum sem eru brýnar vegna verndunar náttúru eða öryggis ferðamanna. Aflað var upplýsinga frá öllum sveitarfélögum landsins með milligöngu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarði, Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins með milligöngu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Þingvallapjóðgarði með milligöngu forsætisráðuneytisins. Í kjölfarið var settur saman listi yfir brýn verkefni sem sjá má í viðauka 1 við reglugerð þessa. Verkefni er skilgreint brýnt ef slit og álag á náttúru af völdum ferðamanna er mikið og fyrirsjáanlegur skaði ill- eða óbætanlegur. Sérstaklega er tekið tillit til skemmda á gróðri og öryggis ferðamanna. Kostnaðaráætlun skal liggja fyrir með öllum styrkhæfum verkefnum.

#### 3. gr.

##### *Framkvæmd og eftirlit.*

Ferðamálastofa annast umsýslu með úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, þ.m.t. miðlun upplýsinga um úthlutun og samningsgerð við styrkþega.

Ferðamálastofa fylgist með framvindu verkefna sem hljóta styrki úr sjóðnum og kallar eftir framvindu- og lokaskýrslum og öðrum upplýsingum sem krafist er frá styrkþegum.

Ferðamálastofa annast eftirlit með verkefnum og reikningum frá samningsaðilum og yfirferð á því að staða verkefna sé í samræmi við framvindu- og lokaskýrslu. Ferðamálastofa upplýsir stjórn sjóðsins og eftir atvikum ráðuneytið ef veruleg frávik verða frá verk- eða framkvæmdaáætlun einstakra verkefna.

#### 4. gr.

##### *Greiðsla styrks og mat á framvindu verkefna.*

Styrkur greiðist út í þrennu lagi; þ.e. 40% greiðist út eftir undirskrift samnings, 40% eftir samþykktu framvinduskýrslu og 20% eftir að fullnægjandi lokaskýrsla og reikningar hafa borist styrkveitanda.

Ef verkefnið er lítið eða vinnst mjög hratt er heimilt að skila einungis lokaskýrslu ásamt reikningum og fylgigögnum en þá gildir lokaskýrsla einnig sem framvinduskýrsla og greiðast þá eftirstöðvar styrksins í einu lagi.

Samningum um styrki skal lokið og þeir undirritaðir innan þriggja vikna frá því að ákvörðun um styrkveitingu er tilkynnt styrkþega. Styrkþega ber að skila inn framvinduskýrslu og lokaskýrslu, ásamt ljósritum af öllum reikningum verkefnisins og greinargerð um eigið framlag sem telst hluti af heildarkostnaði, innan þess frests sem tilgreindur er í samningi. Hafi samningur, framvindu- eða lokaskýrsla ekki borist fyrir tilsettan tíma, fellur styrkurinn niður og verður afturkræfur, hafi ekki komið fram sérstakar skýringar eða samið um annað.

Styrkur er einungis greiddur til samningsaðila vegna kostnaðar samningsaðila og reikninga sem útgefnir eru til samningsaðila, sem er ábyrgur fyrir verkinu og greiðslu til annarra samstarfsaðila og undirverktaka.

## 5. gr.

*Skilyrði fyrir styrkveitingu og ábyrgð styrkhafa.*

Styrkur er veittur til tilgreindra verkefna, sbr. 2. gr. Styrkþega er óheimilt að framselja styrkinn eða ráðstafa til annarra aðila eða til annarra verkefna. Reikningar vegna verkefnisins skulu vera skýrt aðgreindir í bókhaldi frá annarri starfsemi.

Styrkþegi skal tilkynna Framkvæmdasjóði ferðamannastaða án tafar ef breytingar verða á högum hans sem geta haft áhrif á framkvæmd verkefnisins. Ef aðilaskipti eða breytingar á högum skerða fyrirsjáanlega möguleika styrkþega á að ljúka verkefni á tilsettum tíma fellur réttur styrkþega til styrkveitingar niður.

Styrkþegi skal vinna verkið í samræmi við vinnuáætlun sem samþykkt er af Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Styrkþegi skal leita fyrirfram samþykkis sjóðsins fyrir frávikum. Styrkur greiðist aðeins út ef gæði vinnu eru í samræmi við kröfur sjóðsins. Allur frágangur við verkefnið verður að vera til fyrirmyndar og í samræmi við lög, reglugerðir og samþykkt viðmið.

Styrkþegi er ábyrgur fyrir eðlilegu viðhaldi svæðis og mannvirkjum (stórum sem smáum) er tengjast viðkomandi framkvæmd. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða tekur ekki á sig skuldbindingar við uppfærslu, viðhald eða viðgerðir á mannvirkjum sem tengjast styrkveitingu.

Styrkþegi ábyrgist með undirritun á samningi að öll lögbundin leyfi og samþykktir vegna framkvæmdarinnar liggi fyrir.

Myndir sem teknar eru af svæði sem styrkurinn nær til skulu staðsettar þannig að auðvelt verði að taka samanburðarmyndir á sama stað síðar.

## 6. gr.

*Vanefndir.*

Brot styrkþega á gerðum samningum, eða öðrum skilmálum um úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, veitir sjóðnum heimild til að stöðva greiðslur til styrkþega. Brot á samningi getur einnig haft áhrif á möguleika styrkhafa til frekari styrkveitinga. Hafi styrkþegi þegar fengið hluta styrksins greiddan fyrirfram, veitir brot á samningi sjóðnum heimild til að krefjast fullrar endurgreiðslu.

## 7. gr.

*Upplýsingagjöf til ráðherra.*

Ferðamálastofa skal í samvinnu við stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða senda ráðherra yfirlit yfir stöðu verkefna þann 1. september. Þá getur ráðherra kallað eftir yfirliti um stöðu verkefna frá Ferðamálastofu eftir því sem þörf er á.

## 8. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 6. gr. laga nr. 75/2011 og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. maí 2014.*

**Ragnheiður Elín Árnadóttir**  
iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

*Kristján Skarphéðinsson.*

Göngustígar og öryggi						
Svæði	Aðili	Staðsetning	Eðli verkefna	Verkefni	Lýsing	Fjárhæð
Norðurland eystra	Umhverfisstofnun	Mývatn og Laxá	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Lagfæring göngustígs að Vindbelgjarfjalli	600.000
Norðurland eystra	Umhverfisstofnun	Mývatn og Laxá	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Lagfæring göngustígs við Kálfaströnd	600.000
Norðurland eystra	Umhverfisstofnun	Mývatn og Laxá	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Göngustígur kringum Vindbelgjarfjall (lokaður á varptíma)	800.000
Norðurland eystra	Umhverfisstofnun	Skútustaðagígar	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Göngustígar, lagning efnis í göngustíga í Rófunum	6.000.000
Norðurland eystra	Umhverfisstofnun	Skútustaðagígar	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Göngustígar, breyting á staðsetningu og efnislögn	3.000.000
Norðurland eystra	Umhverfisstofnun	Seljahjallagil o.fl.	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Stígagerð	500.000
Norðurland eystra	Umhverfisstofnun	Dimmuborgir	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Viðhald göngustíga 2 + 3 km	1.500.000
Norðurland eystra	Umhverfisstofnun	Dimmuborgir	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Afmörkun göngustíga	200.000
Norðurland eystra	Umhverfisstofnun	Friðland Svarfaðardal	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Göngustígur meðfram Svarfaðardalsá	1.000.000
Norðurland eystra	Umhverfisstofnun	Friðland Svarfaðardal	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Göngustígur frá Hríshöfðanum	500.000
Norðurland eystra	Umhverfisstofnun	Norðurland eystra	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Göngustígar, uppbygging	3.000.000
Vestfirðir	Umhverfisstofnun	Hornstrandir	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Viðhald göngustíga 2 v Hesteyri	300.000
Vestfirðir	Umhverfisstofnun	Vesturbyggð	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Dynjandi. Úsýnispallar úr stáli með tréhandriði x 2	7.000.000
Vestfirðir	Umhverfisstofnun	Vesturbyggð	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Dynjandi. Göngustígagerð með sjálfbóðaliðum í 2 vikur	300.000
Vestfirðir	Umhverfisstofnun	Vatnsfjörður	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Göngustígagerð með sjálfbóðaliðum í 1 viku	150.000
Vesturland	Umhverfisstofnun	Borgarbyggð	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Grábrók. Loka stígum með trépöllum (uppbyggður trégöngupallur)	7.000.000
Vesturland	Umhverfisstofnun	Snæfellsbær	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Búðir. Göngustígur frá kirkju að „gatnamótum“	1.000.000
Vesturland	Umhverfisstofnun	Snæfellsbær	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Arnarstapi - Hellnar. Göngustígur (tré) frá höfninni á Arnarstapa að Pumpu, 300 m (skipulag og framkvæmd)	200.000
Vesturland	Umhverfisstofnun	Snæfellsbær	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Arnarstapi - Hellnar. Göngustígur (tré) frá Hellnafjöru að hraunkanti (Arnarstapa) 500 m	7.000.000

Göngustígar og öryggi						
Vesturland	Umhverfisstofnun	Snæfellsbær	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Arnarstapi - Hellnar. Að Gatkletti, leggja ecogrids 100 m. Kostnaður við flutning á efni og jarðvinnu	1.000.000
Vesturland	Umhverfisstofnun	Snæfellsbær	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Arnarstapi - Hellnar. Smíða pall fram á bjargbrún neðan við Bárð (teikning tilbúin)	2.500.000
Vesturland	Umhverfisstofnun	Snæfellsbær	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Þjóðgarður (Skálasagi). Göngustígur frá bílastæði að bjargbrún	7.000.000
Höfuðborgarsvæðið	Umhverfisstofnun	Bláfjöll	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Eldborg Bláfjöllum. Lokun gönguleiða og lagfæring á mosaskemmdum	700.000
Suðurland og Miðhálandið	Umhverfisstofnun	Friðland að Fjallabaki	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Samstæðir vegprestar á gönguleiðir	700.000
Suðurland og Miðhálandið	Umhverfisstofnun	Friðland að Fjallabaki	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Úrbætur í stígagerð, Laugavegur og önnur viðkvæm svæði	1.500.000
Suðurland og Miðhálandið	Umhverfisstofnun	Friðland að Fjallabaki	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Uppgræðsla og lagfæring gönguleiða í og við Landmannalaugar	1.500.000
Suðurland og Miðhálandið	Umhverfisstofnun	Hveravellir	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Viðhald á göngustígum	500.000
Suðurland og Miðhálandið	Umhverfisstofnun	Gullfoss	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Nýr útsýnispallur, lokafrágangur á efra svæði	2.000.000
Suðurland og Miðhálandið	Umhverfisstofnun	Gullfoss	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Endurnýjun á eldri útsýnispalli	8.000.000
Suðurland og Miðhálandið	Umhverfisstofnun	Gullfoss	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Endurnýjun stiga milli efra og neðra svæðis	10.000.000
Suðurland og Miðhálandið	Umhverfisstofnun	Gullfoss	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Nýjar girðingar niður með ánni	3.000.000
Suðurland og Miðhálandið	Umhverfisstofnun	Dyrhólaey	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Styrking göngustíga (í takt við stýringu)	1.500.000
Austurland	Umhverfisstofnun	Djúpivogshreppur	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Ofaniburður göngustíga	500.000
Austurland	Umhverfisstofnun	Djúpivogshreppur	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Tréstígar í fjöru	1.000.000
Vatnajökulspjóðgarður	Vatnajökulspjóðgarður	Eldgjá	Byggingar	Göngustígar og öryggi	Bætt aðgengi og öryggi ferðamanna - annar áfangi	14.250.000
Vatnajökulspjóðgarður	Vatnajökulspjóðgarður	Skaftafell	Samgöngur	Göngustígar og öryggi	Bygging 50 m <sup>2</sup> útsýnispalls við Svartafoss og aðgerðir á svæðinu til að hefta rof	15.000.000
Vatnajökulspjóðgarður	Vatnajökulspjóðgarður	Skaftafell	Samgöngur	Göngustígar og öryggi	Lagfæringar á göngustíg að Svartafossi; sett ræsi, og uppsetning handriða	10.000.000
Vatnajökulspjóðgarður	Vatnajökulspjóðgarður	Dettifoss	Samgöngur	Göngustígar og öryggi	Nýr 100 m <sup>2</sup> útsýnispallur við Dettifoss að vestan	15.000.000
Vatnajökulspjóðgarður	Vatnajökulspjóðgarður	Dettifoss	Samgöngur	Göngustígar og öryggi	Nýr um 260 m langur göngupallur við Dettifoss að vestan	25.000.000

Göngustígar og öryggi						
<b>Höfuðborgarsvæðið</b>	Skógrækt ríkisins	Mógilsá	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Gerð göngustíga í Esjuhlíðum ofan Mógilsár/Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins	1.000.000
<b>Suðurland</b>	Skógrækt ríkisins	Rangarþing eystra	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Þórmörk, stígagerð og viðhald	5.000.000
<b>Suðurland</b>	Skógrækt ríkisins	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Hjálparfoss í Þjórsárdal, stígagerð - nýframkvæmd - bæta aðgengi að fossinum	2.000.000
<b>Suðurland</b>	Skógrækt ríkisins	Kirkjubæjar-klaustur	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Stígagerð - nýframkvæmd - stigi upp að Systrafossi (öryggismál)	2.000.000
<b>Vesturland</b>	Skógrækt ríkisins	Borgarbyggð	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Litla-Skarð, stígagerð - nýframkvæmd - að gili í Norðurá neðan við Laxfoss	2.000.000
<b>Suðurland</b>	Landgræðsla ríkisins	Mýrdalshreppur	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Vikurfjara, gerð handriða, umferðarhindrana og göngustíga	1.200.000
<b>Suðurland</b>	Þingvallapjóðgarður	Þingvellir	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Flosgjá (Peningagjá), þ.m.t. mosabreiður og lyng á gjábörmum sem er flakandi sár, æ viðtækari og skipulagslausir troðningar niður að vatnsyfirborðinu (m.a. í króknum við hárnálarbeygjuna inn á brúna vestan Flosagjár), sjálfvalinn útsýnis- og myndatökustaður ferðamanna í króknum við hárnálarbeygjuna, geilar við brúarenda á Peningagjá o.s.frv. Fyrirliggjandi eru teikningar og kostnaðaráætlun	11.000.000
<b>Suðurland</b>	Þingvallapjóðgarður	Þingvellir	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Auka alla afmörkun á stígum með kaðlagirðingum	2.000.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Bláskógabyggð	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Geysir, hverasvæði, hönnun, stígagerð og öryggisgrindverk	15.000.000
<b>Norðurland eystra</b>	Sveitarfél.	Dalvíkurbyggð	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Svarfdæla. Friðland - göngustígar	682.750
<b>Austurland</b>	Sveitarfél.	Djúpivogshreppur	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Teigarhorn, lagfæringar á göngustígum	5.000.000
<b>Austurland</b>	Sveitarfél.	Fjarðabyggð	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Göngustígar í friðlandi, Hólmanesi	1.000.000
<b>Austurland</b>	Sveitarfél.	Stöðvarfjörður	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Saxi sjávarhver í Stöðvarfirði - göngustígar og öryggismál	4.000.000
<b>Austurland</b>	Sveitarfél.	Fljótshálsa	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Fardagafoss - göngustígar, öryggismál og göngubrú	1.300.000
<b>Austurland</b>	Sveitarfél.	Fljótshálsahreppur	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Hengifoss. Bætt aðgengi, stígagerð	2.000.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Flóahreppur	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Urriðafoss, viðgerð á gróðri, stígagerð og öryggismál	5.618.900
<b>Vesturland</b>	Sveitarfél.	Grundarfjörður	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Göngustígar og varnir gegn utanvegaakstri	15.700.000

Göngustígar og öryggi						
<b>Höfuðborgarsvæðið</b>	Sveitarfél.	Hafnarfjarðar- kaupstaður	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Seltún. Áframhaldandi uppbygging (Krýsuvík), viðhald göngustíga, uppgræðsla og öryggishliðar	1.770.000
<b>Vesturland</b>	Sveitarfél.	Hvalfjarðarsveit	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Glymur - Botnsdalur, stígagerð, uppgræðsla og öryggisframkvæmd	2.000.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Hveragerðisbær	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Reykjadalur. Viðgerðir við hverí, stígagerð og uppgræðsla	1.000.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Skeið- og Gnúpverjahreppur	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Minjastofnun Íslands. Stöng í Þjórsárdal. Verndun og uppbygging á stígum	5.000.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Mýrdalshreppur	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Vikurfjara. Stígagerð og stækkun á rúttæði	500.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Mýrdalshreppur	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Gönguleiðir í Mýrdal	900.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Rangárþing eystra	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Fimmvörðuháls. Öryggismál, stikun gönguleiða, merkingar, náttúruvernd	750.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Rangárþing eystra	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Útsýnispallur, þ.e. öryggispallur og öryggishandriði við miðju Skógarfoss. Klettnef og hætta á alvarlegum slysum í dag	2.200.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Rangárþing eystra	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Svæði við Gígjökul. Stígagerð, náttúruvernd, varnir við utanvegaakstri	2.900.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Rangárþing eystra	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Völvuskógur. Viðhald göngustíga	500.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Rangárþing eystra	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Hönnun og framkvæmdir við tröppur og stíg norðanmegin við Seljalandsfoss	8.650.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Rangárþing ytra	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Þjófafoss. Bætt aðgengi, lagfæring stíga, öryggishandrið og varúðarskilti vegna hruns	2.000.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Rangárþing ytra	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Fossbrekkur. Uppgræðsla, lagfæring stíga	2.000.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Rangárþing ytra	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Ægissíðufoss. Uppgræðsla, stígagerð og endurgerð öryggspalls og handriðs	2.000.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Rangárþing ytra	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Friðland að fjallabaki aðkomuskilti og stikur - öryggi ferðamanna	2.200.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Rangárþing ytra	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Göngustígur milli Ægissíðufoss og Árbæjarfoss	5.000.000
<b>Suðurnes</b>	Sveitarfél.	Grindvíkurbær	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Reykjanesjarðvangur ses. Valahnjúkar. Göngustígar og öryggismál	3.240.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Skaftárhreppur	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Fjaðrárgljúfur. Öryggispallar, viðhald stíga, náttúruvernd og öryggismál	2.000.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Gjáin í Þjórsárdal. Uppgræðsla og stígagerð	2.250.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Hjálparfoss í Þjórsárdal. Lagfæring stíga, náttúruvernd og öryggismál	4.000.000

Göngustígar og öryggi						
<b>Norðurland eystra</b>	Sveitarfél.	Skútustaða-hreppur	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Hverir austan Námaskarðs. Lagfæring stíga og öryggismál	10.000.000
<b>Austurland</b>	Sveitarfél.	Hornafjörður	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Jöklaleiðin. Gönguleið milli Skálafells og göngubrúar yfir Hólmsá	3.100.000
<b>Austurland</b>	Sveitarfél.	Hornafjörður	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Gönguleið milli Fláajökuls og Haukafells. Göngubrú, stígagerð, stikun, umferðarstýring og öryggismál	8.000.000
<b>Suðurnes</b>	Sveitarfél.	Vogar	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Lambafellsgjá. Lagfæring göngustíga	362.500
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Ölfus	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Reykjadalur. Uppgræðsla, göngustígar	8.000.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Vestmannaeyjar	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Eldfell. Lagfæring gönguleiða	1.000.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Hrunamanna-hreppur	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Kerlingarfjöll. Stígar, brýr, tröppur, náttúruvernd	9.000.000
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Rangárþing eystra	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Þórsmörk. Viðhald gönguleiða	15.349.159
<b>Vesturland</b>	Sveitarfél.	Helgafellssveit	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Helgafell. Göngustígagerð, náttúruvernd	6.424.765
<b>Suðurland</b>	Sveitarfél.	Vestmannaeyjar	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Heimaklettur. Uppgræðsla, merking gönguleiða	5.000.000
<b>Vestfirðir</b>	Sveitarfél.	Vesturbyggð	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Látrabjarg, Bjargtangar. Stígar og öryggi	14.000.000
<b>Norðurland eystra</b>	Sveitarfél.	Þingeyjarsveit	Framkvæmdir	Göngustígar og öryggi	Endurbætur á umhverfi Goðafoss (uppgræðsla, stígagerð og öryggishandiði)	15.000.000

Fjárhæðir eru námundaðar að næsta heilan tug nema annað komi fram. Við hverja fjárhæð fylgir verkáætlun þar sem nákvæmur kostnaður er gefinn upp. Gert er ráð fyrir að skilyrði verði sett um að styrkur sé gefinn upp. Gert er ráð fyrir að skilyrði verði sett um að styrkur verði ekki að fullur greiddur nema gegn skilum á fullgildum reikningum